



Stjórnarfundur FRÍ

Dags: Þriðjudagur, 30. ágúst 2023

Fundur: 18. fundur stjórnar 2022-2024

Staðsetning: Salur ÍSÍ Engjavegi og Zoom

Mætt:

Aðalstjórn: Auður Árnadóttir, Bergþóra Guðjónsdóttir, Freyr Ólafsson, Jóhann Haukur Björnsson.

Varastjórn: Björgvin Víkingsson, Eiríkur Mörk Valsson, Hjördís Ólafsdóttir, Kári Steinn Karlsson, Rannveig Oddsdóttir.

Starfsmenn: Guðmundur Karlsson, Íris Berg Bryde

Formaður setti fund klukkan 12:00 og bauð fundarmenn velkomna. Fundurinn fór fram bæði í sal og í fjarfundi.

Dagskrá:

1. Fundarboðun og rafrænt afgreidd erindi.

Fundarboðun samþykkt. Formaður og framkvæmdastjóri sóttu heimsþing World Athletics og heimsmeistaramót í Búdapest í ágúst og er skýrsla formanns á vef FRÍ hér: <https://fri.is/skyrsla-af-hm-2023/>

Samþykkt að breyta fundartíma stjórnar sem héðan í frá mun funda annan hvern þriðjudag frá kl. 12.00-13.00.

2. Minning varaformanns og kjör

Formaður minnst Aðalbjargar Hafsteinsdóttur, varaformanns FRÍ, sem féll frá fyrir skemmstu. Hennar var minnst á Bikarmótum yngri og fullorðinna í ágúst sem og á ýmsum mótum undanfarna daga. Samþykkt að taka saman annál um líf hennar og störf, innan hreyfingarinnar undanfarna áratugi. Einnig samþykkt að hennar verði minnst formlega á uppskeruhátíð síðast í haust og/eða þingi næsta vor.

Samþykkt að AÁ, gjaldkeri sambandsins, taki tímabundið við hlutverki AH og verði starfandi varaformaður fram að næsta þingi. AÁ mun einnig áfram sinna hlutverki gjaldkera.

Björgvin Víkingsson tekur sæti í aðalstjórn sambandsins sem fyrsti varamaður vegna fráfalls Aðalbjargar.

3. Staðfesting og birting fundargerða

Fundargerðir hafa verið staðfestar og birtar á vef.

4. Fjárhagsmál - uppgjör og áætlanagerð (AÁ)

Gjaldkeri fór yfir sex mánaða uppgjör félagsins og samanburð við sama tímabil árið áður. Tekjur eru 65 [m.kr.](#) og 23 [m.kr.](#) hærrí en í fyrra. Gjöld eru 62 [m.kr.](#) og 9m kr. hærrí en í fyrra. Hagnaður í ár er því 3 [m.kr.](#) móti 11 [m.kr.](#) tapi í fyrra sem er mikill viðsnúningur. Frávik skýrast þó að einhverju leyti af því á hvaða tímapunkti tekjur og gjöld raungerast og munu eflaust jafnast eitthvað út þegar líður á árið. Sem dæmi á eftir að úthluta talsvert úr afrekssjóði. Stefnt er að því að kynna sjö mánaða uppgjör á næsta fundi auk þess að stilla upp útkomuspá og hefja áætlanagerð fyrir komandi ár.

5. Skýrsla framkvæmda- og afrekstjóra - Breytingar á skrifstofu - Afreksmál – Fleira

Marta hefur lokið störfum og Hlín Guðmundsdóttir hefur tekið við en fer í 50% starf.

6. Dagskrá hausts og verkefni vetrar - Útbreiðsla og verkefni (FRÍ-dagur, boðhlaup) - NM í XC á Íslandi - Formannafundur og uppskeruhátíð - Þing FRÍ vor 2024 - Annað

KSK verður fulltrúi stjórnar í undirbúningi *Norðurlandamóts í víðavangshlaupum, 5. nóvember* næstkomandi.

Lagt til að *formannafundur* verði haldinn rafrænt í lok október. Ákvörðun vísað til næsta fundar.

Lagt til að halda *næsta þing sambandsins* á Sauðárkróki 15.-16. mars 2024. Ákvörðun frestað til næsta fundar.

Lagt til að Reykjavíkurfélögin fá, sameiginlega, umsjón með *Norðurlandameistaramót í fjölþraut 2024* sem haldið verður hér á landi. Ákvörðun frestað til næsta fundar.

Formaður segir frá því að fresta þurfi stórum útbreiðsluverkefnum sem áætluð voru nú í haust um eitt ár, til hausts 2024. Undirbúningur muni þó halda áfram næstu mánuði.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 13.0

Ritun fundargerðar: Bergþóra Guðjónsdóttir, ritari FRÍ.